



## Verksvið atferlisráðgjafa við grunnskóla Kópavogs

### Hlutverk

Atferlisráðgjafi starfar við grunnskóla Kópavogs og er hluti af skólaþjónustu grunnskóladeildar.

Skólaþjónustan mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð því hver veitir þjónustuna. Atferlisráðgjafi vinnur í nánu samstarfi við nemendur, foreldra, kennara og fagfólk sem kemur að málefnum nemenda.

Atferlisráðgjafi annast greiningu og setur fram áætlun sem felur í sér markmið og leiðir að þeim. Jafnframt veitir hann starfsfólki handleiðslu til að fylgja eftir áætlunum.

Atferlisráðgjafi starfar jafnframt í Tröð, skóla- og skammtímaúrræði til að vinna að bættri líðan og félagsfærni nemenda Traðar í samstarfi við starfsfólk, foreldra og nemendur. Atferlisráðgjafi aðstoðar heimaskóla við að taka á móti nemendum sínum þegar þeir hafa lokið dvöl sinni í Tröð, veitir handleiðslu og eftirfylgni eftir þörfum.

Atferlisráðgjafi tekur þátt í nýbreytni og þróunarstarfi í skólaúrræðum Kópavogsbæjar.

### Markmið

Starf atferlisráðgjafa miðar að því að styrkja faglegt starf skólanna þannig að nemendur fái sem best notið sín í námi og fagleg kunnátta kennara og starfsfólks nýtist sem best. Velferð nemenda sem njóta þjónustunnar er ávallt höfð í fyrirrúmi og áhersla lögð á notkun gagnreyndra aðferða við úrlausn vanda af ýmsu tagi.

### Stjórnun

Atferlisráðgjafi við grunnskóla Kópavogs starfar undir verkstjórn verkefnastjóra skólaþjónustu og deildarstjóra grunnskóladeildar, Menntasviðs.

### Starfsfyrirkomulag

Greining atferlisráðgjafa byggir á því að skoða sögu nemenda, fjölskyldu og skóla um samspil umhverfis og hegðunar. Atferlisráðgjafi metur stöðu nemenda með því að afla upplýsinga með vettvangsathugunum, viðtölum við nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna. Þessar upplýsingar eru síðan notaðar í faglega ráðgjöf, stuðning til nemenda, handleiðslu til foreldra og starfsfólks, íhlutun og kennslu.

Hægt er að óska eftir aðkomu atferlisráðgjafa þegar áhyggjur eru af hegðun og líðan nemenda.

Atferlisráðgjafi tekur þátt í þverfaglegri teymisvinnu einstakra nemenda og fundar reglulega með verkefnastjóra skólaþjónustu grunnskóladeildar.